



Reykjavík 29.06.2018

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 27. júní 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Ellidaárdalur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. Í breytingunni felst að vegna nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð, svæði 5, þá er afmörkun skipulags Elliðaárdals breytt á þann hátt að mörk skipulagsins eru dregin vestan Geirsnefs í vesturál Elliðaánna, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 31. maí 2018.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Aron Leví Beck og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson samþykkja að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir greiða atkvæði á móti tillögunni og bóka:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja ríka áherslu á verndun grænna svæða í borgarlandinu og leggjast gegn hvers kyns húsnæðisuppbyggingu sem gengið gæti nærri slíkum svæðum.


Árið 2014 var lögð fram tillaga í borgarráði um friðun Elliðaárdals í deiliskipulagi með svokallaðri hverfisvernd. Svo virðist sem tillögunni hafi ekki verið fylgt eftir. Eins liggur fyrir að friðun með hverfisvernd í deiliskipulagi hefur ekki sömu réttaráhrif og friðlýsing samkvæmt náttúruverndarlögum. Elliðaár og nærliggjandi svæði virðast því hvorki friðuð með hverfisvernd né samkvæmt náttúruverndarlögum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að unnið verði að því, í samráði við umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun, að Elliðaárdalur og nærliggjandi svæði verði friðlýst með þeim hætti sem kveðið er á um í 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013%.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Landslags dags. 31. maí 2018.



HLUTI GILDANDI ADALSKIPULAGS 2010-2030

- SKÝRINGAR
- NY DEILISKIPULAGSMÖRK FYRIR ELLIDAÁRDAL
 - MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS
 - BYGGINGARREITUR SETTJARNAR
 - SETTJÖRN
 - NÚV. FRÁRENNISLÖGN / ÚTRENNSLI
 - NÚV. FRÁRENNISLÖGN / AFLÖGB
 - NY FRÁRENNISLÖGN vegna ljarna
 - NÚV. STIGUR
 - ÞJÓNUSTUV. VIÐ TJÖRN
 - NÚMÉR TJARNA
 - NÚMÉR ÚTRÁSAR
 - MÖN
 - NÚV. ÁNNINGASTADUR / BEKKIR

Ellidaárdalur - deiliskipulag
Breyting á deiliskipulagi
Skipulagsmörk skilgreind/breytt norðan Miklubrautar

Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að skipulagsmörkum deiliskipulags Ellidaárdals norðan Miklubrautar er breytt og þau skilgreind sérstaklega.

Í gildandi deiliskipulagi frá árinu 1994 eru mörk deiliskipulagsins ekki skilgreind sérstaklega en á deiliskipulagsupprætti nær skipulagið norðan Miklubrautar frá Sævarhöfða, yfir Geirsnef, Snarfarahöfn og yfir strandið vestan Arnarvogar.

Sú breyting er gerð að skipulagsmörk deiliskipulags Ellidaárdals eru skilgreind í vestralli Ellidaárna, vestan Geirsnefs.

Ástæða breytingarinnar er að í vinnslu er deiliskipulag hluta Vogabyggðar (svæði 5) sem nær m.a. yfir Snarfarahöfn og að vestralli Ellidaárna. Vegna þess er þörf á að skilgreina mörk deiliskipulags Ellidaárdals þannig að mörk skipulagssvæðanna skarist ekki.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem samþykkt var í borgarstjórn 19. maí 1994, m.s.br.

Samræmi við aðrar áætlánir
Breytingin er í samræmi við Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á _____
þann _____ 20__.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eda umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

ELLIDAÁRDALUR - DEILISKIPULAG
SVÆÐI NORÐAN MIKLUBRAUTAR
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:2000	TEIKN NR: 101
DAGS: 31.05.2018	HANNAÐ: þh/ó
FLOKKUR: 000-reyk-elli_A	TEIKNAD: oí/er
SKRÁ: 18092-gm.dwg	VERKNR: 18092

